

Mál nr. 75/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. húseigendatryggingar húsfélagsins H

Tjón á fasteign þegar maður hellti eiturefnum m.a. á gólf í íbúðar og stigagang þ. 7.10.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.2.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 11. 3.2011.

Málsatvik.

M og fyrrverandi eiginmaður hennar höfðu slitið samvistum og umræddan dag kom eiginmaðurinn og ók sonum þeirra í skóla en kom síðan aftur og hafði sýru meðferðis og hellti eiturefnunum á gólf íbúðarinnar og réðist á konu sína fyrrverandi og á leið hans út úr íbúðinni helltist sýra niður stigagang fasteignarinnar og eyðilagði gólfefni. Af hálfu M er gerð krafa um bætur úr húseigendatryggingu og m.a. bygt á því að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða vegna innbrots eða innbrotstilraunar en um það hafi verið að ræða í umrætt sinn og lögreglan hafi komið á vettvang vegna málsins og lögregluskýrslur liggi fyrir í málinu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að fyrrverandi eiginmaður M hafi ekki ruðst inn í íbúðina í umrætt sinn og það komi ekki fram í framburði M. Þá segir V að ekkert í gögnum málsins styðji það að um innbrot hafi verið að ræða í þessu tilviki og því sé tjónið sem um ræðir ekki bótaskyldt úr húseigendatryggingunni sem um ræðir.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að um innbrot hafi verið að ræða í íbúð M í umrætt sinn þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu húsfélagsins H vegna þess tjóns sem varð í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu H.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.